



Jafnréttisáætlun leikskólans Akra 2023-2026

Innihald

Inngangur	3
Starfsfólk.....	3
Aðgerðaáætlun.....	3
1. Launajafnrétti.....	3
2. Auglýsingar og ráðningar.....	3
3. Símenntun og starfsþróun.....	4
4. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs	4
5. Gagnkvæm virðing.....	5
Nemendur	5
Aðgerðaáætlun.....	5
1. Námsefni og kennslugögn	5
2. Einstaklingurinn	6
3. Fræðsla	6
Að lokum	7
1. Eftirfylgni	7

Inngangur

Jafnréttisáætlun er mikilvægt verkfæri sem nota á til að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna. Jafnréttisáætlun Leikskólans Akra tekur mið af jafnréttisstefnu Garðabæjar og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Markmiðið með jafnréttisstefnu leikskólans er að halda í heiðri virðingu fyrir margbreytileikanum og að starfsfólk og börn njóti jafns réttar án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Starfsfólk

Jafnréttisstefnan er leiðarvísir fyrir starfsfólkið til að stuðla að góðu jafnræði. Til þess að hægt sé að nýta krafta og kunnáttu alls starfsfólks til fullnustu er mikilvægt að það ríki jafnrétti. Halda skal sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan skólans. Þannig verði tryggt að sá mannaúður sem byggir á menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er unnið á virkan hátt gegn slíkri mismunun. Ánægt og hæft starfsfólk skiptir sköpum fyrir árangur skólans.

Aðgerðaáætlun

1. Launajafnrétti

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Eftirfylgni
Að greiða körlum og konum sömu laun fyrir sambærileg störf.	Að greiða samkvæmt kjarasamningum.	Sveitarfélagið/ Leikskólastýra.	Allt árið.
Öllu starfsfólki skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þér kjósa.	Fólk upplýst um rétt sinn.	Leikskólastýra.	Allt árið.

2. Auglýsingar og ráðningar

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Eftirfylgni
Að auglýsingum skuli standa öllum opin.	Í auglýsingum eru störf ekki kyngreind og þess gætt að hafa	Leikskólastýra.	Þegar auglýst er.

	öll kynin í huga við gerð auglýsinga.		
Að jafna kynjahlutföll innan leikskólans eins og kostur er.	Áhugasamir, óháð kyni eru hvattir til að sækja um auglýst störf.	Leikskólastýra.	Þegar auglýst er.

3. Símenntun og starfsþróun

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Eftirfylgni
Að allt starfsfólk óháð kyni eiga kost á símenntun og starfsþróun.	Gerð símenntunaráætlunar	Leikskólastýra	Í október ár hvert
Áhersla er lögð á að öllu starfsfólki sé gefinn kostur á að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni sína í starfi.	Eftirfylgni með símenntunaráætlun	Leikskólastýra	Í janúar ár hvert
Starfsfólki gefinn kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri og fá endurgjöf á vinnuframlagi sínu.	Árlegt einkasamtal starfsmanns og stjórnanda.	Leikskólastýra	Febrúar ár hvert

4. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Eftirfylgni
Stuðla að því að koma til móts við þarfir starfsfólks og taka tillit til sérstakrar fjölskylduaðstæðna þeirra óháð kyni.	Starfsfólki eru veitt leyfi til að sinna til að mynda samtölum og heimsóknnum í skóla barna sinna auk þess að sinna ábyrgð er varða veikindi og læknaþjónustu.	Allt starfsfólk.	Allt árið
Að starfsfólk samræmi starfsskyldur sínar	Starfsfólk er hvatt til að deila ábyrgð með maka sínum ef við á.	Allt starfsfólk.	Allt árið

og skyldur gagnvart fjölskyldu eins og kostur er.			
---	--	--	--

5. Gagnkvæm virðing

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Eftirfylgni
Að starfsfólk upplifi að borin sé virðing fyrir því.	Vanda skal orðanotkun í öllum samskiptum um fólk og við fólk.	Allt starfsfólk	Einu til tvisvar á ári með nafnlausri örkönnun.
Að starfsfólk sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi.	Námskeið og fræðsla um efnið.	Leikskólastýra	Einu til tvisvar á ári með nafnlausri örkönnun.

Nemendur

Markmið jafnréttismenntunar er að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsum og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis. Stefnt er að því að allir hafi hlutverki að gegna í skólastarfi, allir taki þátt í að byggja þar lýðræðissamfélag þar sem jafnréttis, sanngirni og réttlætis er gætt í hvívetna og að öllum líði vel í skólanum. Gæta skal jafnréttis í öllu starfi skólans og reynt skal að miða námsframboð og viðfangsefni að áhugasviðum allra kynja. Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir og sveigjanlegir.

Aðgerðaáætlun

1. Náms efni og kennslugögn

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Eftirfylgni
Að náms- og kennslugögn stuðli að jafnrétti allra.	Gætt skal þess að ýta ekki undir staðalímyndir. Hvatt er til þess að brjóta þær upp. Efniviður er kynlaus (hvorki stráka- né stelpudót).	Allt starfsfólk	Allt árið Til sérstakrar umræðu einu sinni á ári.
Að jafnvægi sé á milli þeirra	Mikilvægt er að vera meðvitaður um texta	Allt starfsfólk	Allt árið

kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtist í bókum.	og myndir í bókum, ef hallar á annan er mikilvægt að ræða við barnahópinn um það.		Til sérstakrar umræðu einu sinni á ári.
--	---	--	---

2. Einstaklingurinn

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Eftirfylgni
Mæta skal þörfum allra nemenda	Á deildarfundum er farið yfir barnahópinn og þarfir hvers og eins metnar óháð kyni. Kennsluhættir ræddir.	Deildarstjórar og annað starfsfólk deilda	Haust- og vorönn
Tryggja skal öllum nemendum viðeigandi hvatningu og örvun í leik og starfi	Opinn efniviður er nýttur til að geta sem best mætt ólíkum þörfum hvers og eins.	Deildarstjórar og annað starfsfólk deilda	Haust- og vorönn

3. Fræðsla

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Eftirfylgni
Að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.	Starfsfólk eigi samtöl við nemendur um að allir séu jafnir óháð kyni og allir eigi jafnan rétt. Starfsfólk eigi samtöl við nemendur um einkastaði. Sum leyndarmál eiga ekki að vera leyndarmál. Starfsfólk brjóti upp staðalímyndir. T.d. Karlar eru líka hjúkrunarfræðingar og konur eru lögreglur og geimfarar.	Allt starfsfólk	Alltaf

Að lokum

Réttur nemenda leikskólans Akra er að vinna í fordómalausum umhverfi þar sem jafnrétti og virðing ríkir.

1. Eftirfylgni

Samkvæmt 18.gr. jafnréttislaga ber okkur að endurskoða Jafnréttisáætlunin á þriggja ára fresti.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Eftirfylgni
Að jafnréttisáætlunin skili tilætluðum árangir.	Mat á stöðu og viðhorfi starfsfólks gagnvart jafnrétti.	Leikskólastjóri	Í janúar þriðja hvert ár
Að fólk nýti sér rétt sinn.	Könnun lögð fyrir starfsfólk.	Leikskólastjóri	Í janúar þriðja hvert ár